

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 7/2002**

**frá 1. febrúar 2002**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2001 frá 11. desember 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/397/EB frá 7. maí 2001 um breytingu á ákvörðun 98/483/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvotta vélar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB frá 4. maí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir hreinlætisappírsvörur<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/540/EB frá 9. júlí 2001 um breytingu á ákvörðun 98/643/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmdýnur<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/607/EB frá 19. júlí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir handuppþvottaefni<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/608/EB frá 19. júlí 2001 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/10/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 139, 23.5.2001, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 142, 29.5.2001, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 50.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 30.

- umhverfismerki bandalagsins fyrir málningu og lökk<sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/686/EB frá 22. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir einkatölvur<sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.
  - 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/687/EB frá 28. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir færtölvur<sup>(8)</sup> skal felld inn í samninginn.
  - 9) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/688/EB frá 28. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti og vaxtarefni<sup>(9)</sup> skal felld inn í samninginn.
  - 10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/689/EB frá 28. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar<sup>(10)</sup> skal felld inn í samninginn.
  - 11) Ákvarðanir 2001/405/EB, 2001/686/EB, 2001/687/EB og 2001/688/EB kveða á um að tvær vistfræðilegar viðmiðanir gildi samtímis í tólf mánuði frá gildistöku ákvarðananna.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### *1. gr*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/483/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0397**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/397/EB frá 7. maí 2001 (Stjtið. EB L 139, 23.5.2001, bls. 21).“

2. Núverandi liður 2es verði liður 2esa.

3. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2er (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/698/EB):

---

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 43.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 4.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 11.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 17.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 23.

„2es. **32001 D 0405**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB frá 4. maí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur (Stjtið. EB L 142, 29.5.2001, bls. 10).“.

4. Liður 2esa falli út gildi frá 18. júní 2002.

5. Eftirfarandi bætist við í lið 2em (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0540**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/540/EB frá 9. júlí 2001 (Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 50).“.

6. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2esa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/94/EB):

„2et. **32001 D 0607**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/607/EB frá 19. júlí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir handuppþvottaefni (Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 30, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 334, 18.12.2001, bls. 34).“.

7. Eftirfarandi bætist við í lið 2eh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0608**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/608/EB frá 19. júlí 2001 (Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 43).“.

8. Núverandi liður 2ep verði liður 2epa.

9. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2eo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/179/EB):

„2ep. **32001 D 0686**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/686/EB frá 22. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir einkatölvur (Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 4, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 334, 18.12.2001, bls. 35).“.

10. Liður 2epa falli út gildi frá 1. október 2002.

11. Núverandi liður 2er verði liður 2era.

12. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2eq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB):

„2er. **32001 D 0687**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/687/EB frá 28. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir fartölvur (Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 11).“.

13. Liður 2era falli úr gildi frá 1. október 2002.

14. Núverandi liður 2ec verði liður 2eca.

15. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2eb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB):

„2ec. **32001 D 0688**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/688/EB frá 28. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti og vaxtarefni (Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 17).“.

16. Liður 2eca falli úr gildi frá 1. október 2002.

17. Núverandi liður 2d verði liður 2da.

18. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB):

„2d. **32001 D 0689**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/689/EB frá 28. ágúst 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar (Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 23).“.

19. Liður 2da falli úr gildi frá 1. október 2002.

## 2. gr.

Texti ákvarðana nr. 2001/397/EB, 2001/405/EB, 2001/540/EB, 2001/607/EB, eins og þær voru leiðréttar með Stjtið. EB L 334, 18.12.2001, bls. 34, 2001/608/EB, 2001/686/EB, eins og þær voru leiðréttar með Stjtið. EB 334, 18.12.2001, bls. 35, 2001/687/EB, 2001/688/EB og 2001/689/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. febrúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*